

Hæstaréttardómar.

Útgefandi: Hæstiréttur.

L. árgangur

1969

Miðvikudaginn 8. janúar 1969.

Nr. 74/1968. Jón Sæmundsson
gegn
Jónasi Þór Guðmundssyni.

Útivistardómur.

Dómur Hæstaréttar.

Málssókn þessi fellur niður.

Áfrýjandi, Jón Sæmundsson, er eigi sækir dómþing í máli þessu, greiði kr. 400.00 útivistargjald til ríkissjóðs, ef hann vill fá mál sitt tekið fyrir af nýju.

Föstudaginn 10. janúar 1969.

Nr. 138/1968. Ákærvaldið
(Valdimar Stefánsson saksóknari ríkisins)
gegn
Kjartani Runólfi Gíslasyni
(Jón Hjaltason hrl.).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Bifreiðar. Brot gegn umferðarlögum og áfengislögum.

Dómur Hæstaréttar.

Jón P. Emils, fulltrúi bæjarfógetans í Vestmannaeyjum, og samdómsmennirnir Einar Guttormsson yfirlæknir og Kristján Eyjólfsson læknir hafa kveðið upp hinn áfrýjaða dóm.

Framhaldsrannsókn hefur verið háð í málinu eftir uppsögu héraðsdóms, sem staðfesta ber með skirskotun til forsendna hans.

Ákærði greiði allan kostnað af áfrýjun málsins, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, kr. 8.000.00, og laun verjanda síns, kr. 8.000.00.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Ákærði, Kjartan Runólfur Gíslason, greiði allan kostnað af áfrýjun málsins, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, kr. 8.000.00, og laun verjanda síns, Jóns Hjalta-sonar hæstaréttarlögmanns, kr. 8.000.00.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur sakadóms Vestmannaeyja 23. júlí 1968.

Mál þetta, sem tekið var til dóms 12. febrúar s.l., er af ákæruvaldsins hálfu höfðað gegn ákærða, Kjartani Runólfi Gíslasyni fisksala, Birkihlíð 20 hér í bæ, „fyrir að aka laugardaginn 13. maí 1967 undir áhrifum áfengis bifreiðinni V 215 að heiman frá sér í Klauf og aftur þaðan áleiðis heim til sín, þar til bifreiðin vegna gáleysislegs aksturs ákærða fór út af veginum og valt.

Telst þetta varða við 2. mgr., sbr. 4. mgr. 25. gr., 1. mgr. 26. gr. og 1. mgr. 37. gr., sbr. 80. gr. umferðarlaga nr. 26/1958 og 1. mgr. 24. gr., sbr. 45. gr. áfengislaga nr. 58/1954.

Þess er krafizt, að ákærði verði dæmdur til refsingar, til öku-leyfissviptingar samkvæmt 81. gr. umferðarlaga og 1. mgr. 24. gr. áfengislaga og til greiðslu alls sakarkostnaðar“.

Ákærði er kominn yfir lögaldur sakamanna, fæddur 21. júlí 1916 í Þykkvabæ, Rangárvallasýslu. Hann hefur hvorki sætt ákæru né refsingu, svo að kunnugt sé.

Málavextir eru þeir, að laugardaginn 13. maí 1967 var tilkynnt á lögreglustöðina, að bifreiðaslys hefði átt sér stað þá rétt áður á Höfðavegi móts við húsið Krók.

Tveir lögreglumenn fóru að sinna þessu. Þegar þeir komu á

slysstaðinn, var bifreiðin V 215 á hvolfi utan við veginn, og lá hún á toppinum. Yfirbygging bifreiðarinnar var mikið brotin, enda er vegkanturinn þarna ca. 2 metrar á hæð. Eigandi og öku- maður bifreiðarinnar, ákærði í máli þessu, var farinn af staðnum ásamt þremur farþegum.

Þegar lögreglumennirnir komu aftur á lögreglustofuna, bauð varðstjóri þeim að sækja ákærða á heimili hans. Hann fór góðfúslega með lögreglumönnum á varðstöðina, þar sem tekin var af honum varðstjóraskýrsla. Einnig var ákærða tekið blóðsýnishorn til alkóhólákvörðunar.

Niðurstöður alkóhólrannsóknar voru á þann veg, að í blóði ákærða fundust reducerandi efni, er samsvara 2.02‰ af alkóhóli.

Um drykkju sína segir ákærði, að hann hafi skömmu eftir hádegi óhappadaginn drukkið úr tveim glösum af geneverblöndu og lokið þeirri drykkju kl. 1530 sama dag. Hann hafi þá fundið lítillega til áfengisáhrifa. Hann kveðst hins vegar hafa drukkið allmikið af víni kvöldið og nóttina fyrir óhappadaginn.

Ákærði fór að heiman frá sér um 5 leytið óhappadaginn ásamt þremur farþegum. Hann kveðst ekki hafa fundið til áfengisáhrifa við aksturinn. Ferðinni var heitið í kálgarð við svonefnda Klauf. Á leiðinni heim valt svo bifreiðin út af veginum á Höfðavegi á móts við húsið Krók.

Með ákærða í bifreiðinni voru þeir Högni Magnússon verka- maður, Vestmannabraut 10, og Karl Guðmundsson skipstjóri, Sól- eyjargötu 4. Einnig var með í bifreiðinni þriggja ára gamall sonur Högna.

Þeir Högni og Karl hafa borið það með eiðfestum framburðum, að þeir hafi ekki merkt áfengisáhrif á ákærða í þessari ökuferð.

Vitnið Ragnar Axel Helgason lögregluþjónn var annar þeirra, sem sóttu ákærða heim. Vitninu virtist ákærði eðlilegur í alla staði óhappadaginn.

Vitnið Óskar Pétur Einarsson lögregluþjónn sótti einnig ákærða heim óhappadaginn. Vitnið sá engin áfengisáhrif á ákærða, og enga áfengislykt fann vitnið af ákærða, enda þótt hann sæti við hlið lögreglumannanna á leið til varðstofunnar. Hins vegar sá vitnið, að ákærði var rjóður í andliti og taugaspenntur. Þessi einkenni setti vitnið í samband við ökuóhappið.

Eins og fram kemur hér að framan, virðist mikið ósamræmi milli alkóhólrannsóknar og vitnaframburða. Með hliðsjón af þessu var ákveðið að senda málið í heild til umsagnar Lækna-

ráðs. Var ráðið um það spurt, hvort hið mikla áfengismagn í blóði ákærða samkvæmt alkóhólrannsókn gæti samrýmzt vitnaframburðum og öðrum gögnum málsins.

Læknaráð svaraði þessari fyrirspurn með fyrirspurn um umbúnað blóðsins og hvaða aðferð hefði verið notuð við rannsókn þess og fleiri atriði í því sambandi. Eftir beztu getu var reynt að svara þessum fyrirspurnum Læknaráðs. En síðan bregður svo við, að Læknaráð endursendir skjöl málsins án þess að gefa neina umsögn. Tók dómariinn því það ráð að skipa tvo læknisfróða menn til að dæma málið sem samdómsmenn.

Það er sameiginlegt álit hinna sérfróðu samdómsmanna, að alkóhólákvörðunin verði ekki vefengd. Þeir benda á, að hafa beri í huga rannsóknir réttarlækna á svörun mismunandi einstaklinga við áfengisáhrifum til skýringar á ósamræmi framburða vitna og alkóhólrannsókna.

Samkvæmt framansögðu verða því niðurstöður alkóhólrannsóknar lagðar til grundvallar í dómi þessum.

Með því að aka svo óvarlega, að bifreiðin V 215 valt út af veginum á móts við húsið Krók, hefur ákærði gerzt brotlegur við 1. mgr. 26. gr. og 1. mgr. 37. gr., sbr. 80. gr. umferðarlaga nr. 26/1958.

Með því að aka bifreiðinni V 215 undir áhrifum áfengis laugardaginn 13. maí 1967 hefur ákærði gerzt sekur um brot á 2. mgr., sbr. 4. mgr. 25. gr., sbr. 80. gr. umferðarlaga og 1. mgr. 24. gr., sbr. 45. gr. áfengislaga nr. 58/1954. Telst refsing hans hæfilega ákveðin varðhald í 12 daga.

Þá ber með tilvísun til 81. gr. umferðarlaga og 1. mgr. 24. gr. áfengislaga að svipta ákærða ökuleyfi í eitt ár frá lögbirtingu dóms þessa að telja.

Að lokum ber að dæma ákærða til greiðslu alls sakarkostnaðar, þar með talin málsvarnarlaun til skipaðs verjanda ákærða, Jóns Hjaltasonar hæstaréttarlögmanns, kr. 7.000.00.

Dráttur sá, sem orðið hefur á uppsögu dóms þessa, stafar af miklu annríki dómenda, einkum samdómsmanna.

Dómsorð:

Ákærði, Kjartan Runólfur Gíslason, sæti varðhaldi í 12 daga.

Ákærði er frá lögbirtingu dóms þessa sviptur ökuleyfi í eitt ár.

Ákærði greiði allan kostnað sakarinnar, þar með talin

málsvarnarlaun skipaðs verjanda, Jóns Hjaltasonar hæstaréttarlögmanns, kr. 7.000.00.

Dómi þessum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Mánudaginn 13. janúar 1969.

Nr. 59/1968. **Guðmundur Þórðarson**
 gegn
Stefáni Leó Hólm og gagnsök.

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómara Hæstaréttar.

Kaupgjaldskrafa. Fjárnám. Útivist aðaláfrýjanda.

Dómur Hæstaréttar.

Aðaláfrýjandi skaut máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 18. janúar 1968. Það áfrýjunarmál féll niður vegna útivistar aðaláfrýjanda 1. marz 1968. Samkvæmt heimild í 36. gr. laga nr. 57/1962 áfrýjaði aðaláfrýjandi málinu af nýju með stefnu 29. marz 1968. Var það mál þingfest 1. apríl 1968 og því frestað til 2. október s. á. Gagnáfrýjandi fékk áfrýjunarleyfi 24. september 1968 og skaut málinu af sinni hendi til Hæstaréttar með stefnu 27. september 1968 til þingfestingar 2. október s. á. Þann dag voru áfrýjunarmálin sameinuð og síðan frestað með samkomulagi aðilja sem hæstaréttarmáli nr. 59/1968 fyrst til 2. desember 1968 og því næst til 8. janúar 1969. Er málið var þann dag tekið fyrir í Hæstarétti, var þing eigi sótt af hendi aðaláfrýjanda. Ber því að fella aðalsök niður, sbr. 39. gr. laga nr. 57/1962.

Gagnáfrýjandi krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms ásamt fjárnámsgerð og málskostnaðar úr hendi aðaláfrýjanda hér fyrir dómi.

Á hinum áfrýjuðu dómsathöfnum eru engir þeir gallar, er staðið geti í vegi fyrir kröfu gagnáfrýjanda um staðfestingu þeirra, og verður hún því tekin til greina.

Málsskot aðaláfrýjanda veittu tilefni til áfrýjunar af hendi